


**skoðun 12**


SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk





## Dúndurstuð á Októberfest

*Nokkrir starfsmenn Garðabæjar lentu í skemmtilegri uppákomu þegar þeir tóku sér frístund í Stuttgart og fóru á Októberfest.*

**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
**3. október 2012**
232. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Vill betri hag dýra

*Árni Stefán Árnason segir mörgu ábótavant í meðferð dýra hér á landi.*

**tímamót 18**

## Bíðum þess að fá kallið

*Heimildarmynd verður gerð um handaágræðslu Guðmundar Felix Grétarssonar.*

**fólk 34**

## Tíu ár í verðlaunasæti

*Freyr Bjarnason átti stóran þátt í Íslandsmeistaratitli FH-inga í sumar.*

**sport 30**




## veðrið í dag




**ÚRKOMUSAMT N-TIL** Í dag verða norðan 8-15 m/s hvassast NV-til. Úrkoma N-til en bjart syðra. Hiti 3-10 stig.

**VEÐUR 4**



**HÉÐINSREITIR** Ekki hafa verið lagðar dagsektir á lóðina við Vesturgötu 64 og Seljaveg 2 vegna þess að úrbótum var lofað á fundi í vor. Eigandi Seljavegar hefur staðið við framkvæmdir en ekki eigandi Vesturgötu, og stendur því til að setja dagsektarferli í gang. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tugmilljóna sektir vegna trassaskapar

**Dagsektir vegna sex húsa í borginni eru komnar upp í tæpar 32 milljónir króna. Oft samið um að fella niður sektir ef framkvæmdir fara af stað. Framkvæmdum er lofað á næstunni við gamla borgarbókasafnið við Þingholtsstræti 29a.**

**SKIPULAGSMÁL** Dagsektir eru nú lagðar á sex hús í Reykjavík samkvæmt yfirliti sem byggingarfulltrúinn í Reykjavík gerði fyrir skipulagsráð borgarinnar og var kynnt ráðinu á fundi á mánudag. Ákvörðun hefur verið tekin um beitingu dagsekta vegna þriggja húsa til viðbótar.

Dagsektirnar nema í dag tæplega 32 milljónum króna, samkvæmt útreikningi Fréttablaðsins miðað við upplýsingar úr yfirliti byggingarfulltrúans.

Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, segir dagsektafyrirkomulagið hafa skilað tilætluðum árangri, þrátt fyrir að borgaryfirvöld hafi ekki gengið hart fram við innheimtu skulda. Hann tekur undir það að tölurnar séu háar og heildartalan hafi komið á óvart. Það sé hins vegar einfaldlega vegna þess að ástandið sé verra en það hefur löngum verið.

Páll segir að umburðarlyndi gagnvart húseignum í niðurníðslu hafi verið ríkjandi eftir hrun, eðlilega. Hin hliðin á peningnum séu almannahagsmunir; niðurnídd hús skemmi út frá sér og geti einfaldlega verið hættuleg, eins og dæmin sanni.

> Það er hefð fyrir því að sektin er látin falla niður ef fólk bregst við.
>
> **PÁLL HJALTASON**
> FORMAÐUR SKIPULAGSRÁÐS

Eitt húsanna sem um ræðir er gamla borgarbókasafnið, Esjuberg, sem stendur við Þingholtsstræti 29a. Félagið Inn fjárfesting, sem er í eigu Ingunnar Wernersdóttur, á húsið og lóðina. Framkvæmdir þar hafa legið niðri í nokkur ár og var því ákveðið að leggja á dagsektir sem nú nema rúmum átta milljónum króna. Ingunn, lögfræðingur hennar og byggingarstjóri framkvæmdanna funduðu í ágúst síðastliðnum með byggingarfulltrúa borgarinnar og kom þar fram að framkvæmdir ættu að hefjast á ný á næstunni. Lögð verður fram tímaáætlun um framkvæmdirnar og verða dagsektirnar látnar falla niður þegar framkvæmdum lýkur.

Næstmestu sektirnar hafa verið lagðar á húsið við Skólavörðustíg 40, tæpar sjö milljónir króna. Framkvæmdir eru hins vegar hafnar þar og hefur húsið verið rifið, en til stendur að byggja þar nýtt og stærra hús.

Sektir voru lagðar á tvær lóðir við Langholtsveg í vor þar sem byggingarframkvæmdir hafa ekki verið kláraðar, en í báðum tilvikum var framkvæmdum hætt í október 2008. Samtals nema sektirnar nú 6,5 milljónum króna. Þá eru dagsektir á fjölbýlishúsi við Lindarvað vegna frágangs 1,4 milljónir króna.

Þá eru dagsektir á húsi við Bólstaðarhlíð rúmar 8,8 milljónir króna, en það er vegna óleyfðra breytinga sem gerðar voru.

**- þeb / shá**

Yrkir inn á metsöluplötur:

## Semur texta fyrir synina

**TÓNLIST** „Ég hef alltaf staðið í því að yrkja, þetta er ekkert nýtt,“ segir Einar Georg Einarsson íslenskukennari sem komist hefur í sviðsljósið undanfarið vegna textagerðar á plötum sona sinna, nýstirnisins Ásgeirs Trausta og Þorsteins í Hjálmum. Fyrsta plata þess fyrrnefnda hefur slegið rækilega í gegn.



**EINAR GEORG EINARSSON**

Spurður hvort synirnir hafi tónlistargáfuna frá pabba sínum telur Einar Georg aldrei gott að segja hvaðan fólk hafi hæfileika. „Ég hef auðvitað sungið eigið efni þegar ég hef verið veislustjóri og samið nokkur lög fyrir kóra, þannig að kannski á ég einhvern þátt í því hvaða braut þeir fetuðu.“

**- fsb / sjá síðu 34**

Váleg tíðindi frá Danmörku:

## Segja rottufár í uppsiglingu

**DANMÖRK Útlit er fyrir að rottuplága muni ríða yfir Danmörku þetta haustið, en blaðið metroXpress hefur eftir meindýraeyðum að ástandið sé sérstaklega slæmt miðað við venjulegt árferði.**

**Formaður landssambands meindýraeyða segir dýrin þegar vera farin að láta á sér kræla, en hámarkið komi með næturkulinu þegar dýrin fari að leita inn í hús.**

**Veðrið er sagt eiga þátt í fjölguninni í haust, enda hafi ekki verið mikill þurrkur, sem þýði að rotturnar hafi nóg að éta.**

**Íbúar stærstu borga eru hvattir til að setja rottulása í klóakrör til að halda rottunum utandyra.**

**- þj**







HLAUPTU DRENGUR HLAUPTU

Meðan þú sprettir úr spori þá sprettur svitinn fram. Taktu hressilega á því án þess að hafa áhyggjur. Maður verður að ná andanum.






## SPURNING DAGSINS



*Sölvi, lætur þú sölumennina alltaf plata þig upp úr skónum?*

„Nei, það geri ég ekki. Níutíu prósent af skónum sem ég hef keypt voru með afslætti."

Sölvi Tryggvason, sjónvarpsmaður með meiru, kveðst vera skófíkill og eiga fimmtíu pör af skóm.

Borgarstjórn samþykkir tillögu Sjálfstæðisflokksins um gagnsæisgátt:

# Meðferð fjár verði gerð opinber

**BORGARMÁL** Borgarstjórn hefur ákveðið að upplýsingar um allar kostnaðargreiðslur borgarinnar verði gerðar almenningi tiltækar með rafrænum hætti á Netinu.

Þetta var samþykkt einróma á borgarstjórnarfundi í gær. Starfshópur verður settur í málið og á hann að skila tillögum um hvernig staðið verði að þessu fyrir 15. mars næstkomandi.

Tillaga um þetta er komin frá Sjálfstæðisflokknum, sem segir í greinargerð að skattgreiðendur eigi rétt á því að vita hvernig fé þeirra er ráðstafað.

„Við erum mjög ánægð með að það hafi náðst svona góð samstaða í borgarstjórn um þetta mál," segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Erlendis hafa upplýsingagáttir af þessu tagi víða verið settar upp fyrir borgir og sveitarfélög, jafnvel heilu ríkin. Hanna Birna segir misjafnt hve langt sé gengið. Sums staðar geti íbúar til dæmis flett upp í færslum einstakra skóla og jafnvel skoðað nótur fyrir hverja færslu.

„Það á eftir að koma í ljós hvað henta þykir best hér, en þetta verður mjög öflugt tæki fyrir almenning sem með auknum upplýsingum getur haft aukin áhrif á hvernig farið er með fjármuni borgarinnar." **- gb**



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR** Segist ánægð með hve vel borgarstjórn tók í hugmyndina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ákærður fyrir árás og hótun:

# Teygði á fingri lögreglumanns

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært 34 ára Hafnfirðing fyrir brot gegn valdstjórninni. Honum er gefið að sök að hafa veist að lögreglumönnum sem voru að handtaka hann á heimili hans.

Samkvæmt ákærunni greip hann í fingur annars þeirra, hélt fast og rykkti hendinni ítrekað til með þeim afleiðingum að lögregluþjónninn tognaði. Þá er hann sagður hafa hótað honum líkamsmeiðingum með orðunum: „Ég ætla að kæra þig, svo ætla ég að berja þig." **- sh**

Sjálfstæðisflokkur með 37%:

# Stjórnarflokkarnir tapa fylgi

**SKOÐANAKÖNNUN** Ríkisstjórnarflokkarnir tapa fylgi samkvæmt nýjum Þjóðarpúlsi Gallup en Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig og mælist stærsti flokkurinn. Enginn flokkanna sem bjóða fram í fyrsta skipti ná manni inn á þing en lítið vantar upp á hjá Bjartri framtíð. Þetta kemur fram í Þjóðarpúlsi Gallup sem RÚV sagði frá í gær.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 37,1 prósents fylgi og bætir við sig frá síðustu könnun. Ríkisstjórnarflokkarnir tapa hins vegar fylgi, Samfylkingin mælist með 19,4 prósent en Vinstri grænir með 12,4 prósent. Framsóknarflokkurinn mælist nú með 14,2 prósenta fylgi.

Könnunin var gerð dagana 30. ágúst til 27. september. 5.591 var í úrtakinu en svarhlutfallið var rétt rúm sextíu prósent. **- jhh**

Amnesty skorar á Morsi:

# Misþyrmingar verði kannaðar

**EGYPTALAND, AP** Mannréttindasamtökin Amnesty International skora á Mohammed Morsi, forseta Egyptalands, að láta rannsaka það ofbeldi sem öryggissveitir landsins beittu almenning, einkum þó mótmælendur, eftir að Hosni Mubarak var steypt af stóli snemma síðasta árs.



**MOHAMMED MORSI**

Samtökin gagnrýna Morsi fyrir að hafa ekki tekið þennan vanda nógu alvarlegum tökum og skora á hann að draga her landsins til ábyrgðar fyrir morð, pyntingar og kynferðisbrot sem framin voru þá 18 mánuði sem bráðabirgðastjórn hersins var við völd. **- gb**

# Dýrt að skulda skatt

**Tollstjóri segir öllum standa til boða að gera greiðsluáætlun um skattaskuldir. Hann ráðleggur hins vegar engum að gera það sem á annað borð geta borgað. Fyrir embættinu vaki aðeins að innheimta sem stærstan hluta krafna sinna.**

**FJÁRMÁL** Það er alltaf dýrt að vera í vanskilum, segir tollstjóri, sem ráðleggur engum að gera samkomulag um greiðsluáætlun við embættið ef hann getur á annað borð staðið skil á skattgreiðslum – sérstaklega vörslusköttum.

Fréttablaðið sagði frá því í síðustu viku að DV hefði í sumar skuldað 76 milljónir í vörsluskatta en hefði gert samkomulag við tollstjóra um greiðsluáætlun fram undir áramót. Þetta hefur vakið upp spurningar um það hvernig farið sé með þessi mál hjá tollstjóra og hvort allir skuldarar njóti þar jafnræðis.

Snorri Olsen tollstjóri segir greiðsluáætlanirnar fyrst og fremst hafa þau áhrif að fresta fjárnámi. Það eina sem vaki fyrir embættinu sé að fá kröfu sína greidda að eins miklu leyti og unnt er. „Okkar markmið er ekki að selja eignir eða að vörslusvipta bíla. Ef viðkomandi sýnir greiðsluvilja og krafan lækkar þá erum við þokkalega róleg á meðan," segir hann.

Greiðsluáætlun hjálpar einnig tollstjóraembættinu að því leyti að með því rofnar fresturinn fram að fyrningu kröfunnar. „Þar með er skuldarinn að viðurkenna kröfuna og við þurfum ekki að fara í aðgerðir til að rjúfa fyrningu."

Þetta úrræði stendur öllum jafnt til boða að sögn Snorra og yfir sex þúsund einstaklingar og fyrirtæki nýta sér það á ári. Greiðsluáætlun af þessu tagi standa aðeins til boða í sex mánuði í senn og að þeim tíma loknum taka við nýjar viðræður um framhald.

„Yfirleitt þarftu að borga mánaðarlega þannig að það líður ekki mjög langur tími þangað til það kemur í ljós hvort þú getur staðið við þetta," segir Snorri. Þá komi aftur til skoðunar að gera fjárnám hjá viðkomandi, hvort sem það yrði árangurslaust eða bæri árangur.

Lengi vel voru ekki gerðar greiðsluáætlanir fyrir vörsluskattaskuldir á borð við þær sem hvíla á DV nema til örfárra mánaða í senn. Í kjölfar hrunsins voru teknar upp aðrar vinnureglur og hætt að setja fyrirtæki á svokallaðan lokunarlista, sem getur leitt til tímabundinnar vinnustöðvunar.

Áður fóru mörg hundruð fyrirtæki á slíkan lista árlega, þótt sárafáum væri á endanum lokað, en árin 2009 til 2011 var ekki eitt einasta sett á listann. „Við erum farin að herða þessa innheimtu aftur," segir Snorri.

Hann bendir á að það sé mjög dýrt að trassa að skila vörslusköttum, jafnvel þótt gerð sé greiðsluáætlun. Þá leggist á dráttarvextir og tíu prósenta álag að auki fyrstu tíu dagana. „Svo að sá sem getur borgað er alltaf betur settur," segir Snorri Olsen tollstjóri. **stigur@frettabladid.is**



**TOLLSTJÓRI** Markmiðið er að innheimta sem mest af kröfum, ekki að selja ofan af fólki eða fyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Kærir DV til sérstaks saksóknara

Skafti Harðarson, formaður félags sem kallast Samtök skattgreiðenda, hefur kært DV til sérstaks saksóknara fyrir að standa ekki skil á vörsluskatti. Þetta kom fram í Morgunblaðinu í gær. Haft var eftir Jóni Trausta Reynissyni, framkvæmdastjóra DV ehf., að honum þætti ekki einkennilegt að kæra DV frekar en önnur fyrirtæki í sömu sporum.

Ársreikningar flokkanna:

# Tíu skiluðu á réttum tíma

**STJÓRNMÁL Íslenskir stjórnmálaflokkar hafa tekið sig á í skilum ársreikninga sinna til Ríkisendurskoðunar. Í gær sendi Ríkisendurskoðun frá sér tilkynningu um að tíu stjórnmálasamtök hefðu skilað ársreikningum fyrir árið 2011 áður en skilafrestur rann út nú um mánaðamótin.**

**Þetta eru Borgarahreyfingin, Framsóknarflokkurinn, Hreyfingin, Hægri grænir, Samfylkingin, Samtök fullveldissinna, Sjálfstæðisflokkurinn, Vinstrihreyfingin – grænt framboð, Þinghópur Hreyfingarinnar og Þinglistinn, sem er framboð óháðra í Norðurþingi.**

**Þetta er mun betri frammistaða en undanfarin ár. Á síðasta ári áttu sex flokkar eftir að skila reikningum ársins 2010 þegar fresturinn rann út þann 1. október 2011. Trassarnir þá voru Samfylkingin, Samtök fullveldissinna, Besti flokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Íslandshreyfingin.** **- gb**

Ný skýrsla grænfriðunga:

# Kjarnorkuslys ógnar Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Hætta er á alvarlegu kjarnorkuslysi í Svíþjóð. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu grænfriðunga sem segja öryggisvandamálin í sænskum kjarnorkuverum svo alvarleg að hætta ætti rekstri þeirra allra.

Á vef Kristilega dagblaðsins í Danmörku er greint frá því að grænfriðungar hafi beðið alþjóðlega vísindaráðgjafa að greina próf á sænskum kjarnorkuverum sem Evrópusambandið fyrirskipaði í kjölfar kjarnorkuslyssins í Fukushima í Japan 2011.

Sænsku kjarnorkuverin voru byggð á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. **- ibs**




Óvenju öfgafullt tíðarfar hefur verið á landinu með miklum hita og hríðum:

# Fádæma úrkomusöm haustbyrjun

**VEÐUR** Síðasti mánuður var úrkomusamasti september víða á Norðurlandi síðan mælingar hófust. Fádæma úrkomusamt var víða um landið norðanvert og úrkoma var vel ofan meðallags á flestum stöðvum, er fram kemur í samantekt Veðurstofu Íslands á tíðarfari septembermánaðar.

Á Akureyri var meira en þreföld meðalúrkoma, en meira hefur einungis mælst einu sinni í september og var það árið 1946.

Óvenjumikið hríðarveður og fannfergi gerði á Norðurlandi dagana 9. til 11. september. Raflínur slitnuðu, þúsundir fjár týndust í snjónum og rafmagn fór af í fleiri sólarhringa á sumum svæðum. Enginn bóndi í Þingeyjasýslum sem Fréttablaðið hefur rætt við man eftir slíku tíðarfari áður. Mikil ísing fylgdi veðrinu sem gerði aðstæður óvenjuslæmar.

Úrkoma í Reykjavík var rúmlega helmingi meiri en í meðalári, en hún mældist síðast meiri árið 2008.

Fyrstu níu mánuðir ársins voru einnig óvenjuhlýir. Í Reykjavík hefur meðalhiti tímabilsins aðeins sex sinnum verið hærri en í ár. Þá hefur einungis tvisvar sinnum orðið hlýrra í Stykkishólmi frá 1845 og var það 2003 og 2010. Á Akureyri hefur fimm sinnum orðið hlýrra, síðast 2004. **- sv**



**MIKIÐ TJÓN** Rafmagnslínur á Norðurlandi slitnuðu í september vegna ísingar og rafmagn fór af í kjölfarið á stóru svæði. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL AÐALSTEINSSON




# HAGKVÆM BÍLAFJÁRMÖGNUN

Arion banki býður nú kaupleigu og bílalán til að fjármagna bílakaup. Viðskiptavinir í Vildarþjónustu njóta hagstæðra kjara og geta sparað sér töluverða fjármuni.

## AÐILD AÐ FÍB

Viðskiptavinir sem fjármagna bílakaup sín hjá Arion banka fá ársaðild að Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. Aðildin felur m.a. í sér neyðarþjónustu allan sólarhringinn, öflugt afsláttarkerfi og lögfræði- og tækniráðgjöf um allt sem lýtur að bílnum.

Á **arionbanki.is** finnur þú reiknivél sem sýnir með einföldum hætti muninn á þeim valkostum sem í boði eru.

**Arion bílafjármögnun auðveldar þér að eignast og reka bílinn þinn á hagkvæman hátt.**

Arion banki

## GENGIÐ 02.10.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,3 | 123,88 |
| Sterlingspund | 199,24 | 200,2 |
| Evra | 159,26 | 160,16 |
| Dönsk króna | 21,361 | 21,485 |
| Norsk króna | 21,568 | 21,696 |
| Sænsk króna | 18,654 | 18,764 |
| Japanskt jen | 1,5775 | 1,5867 |
| SDR | 189,87 | 191,01 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,7498

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Meirihluti landbúnaðarstyrkja á Íslandi er markaðstruflandi, segir OECD:

# Landbúnaðarstefnan óskilvirk

**LANDBÚNAÐUR** Meirihluti styrkja til landbúnaðar á Íslandi er bundinn framleiðslumagni og því markaðstruflandi, að mati Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Í nýlegri skýrslu stofnunarinnar um stuðning við landbúnað í aðildarríkjunum segir að 70% af landbúnaðarstyrkjum á Íslandi séu af þessum toga, þótt beingreiðslur í sauðfjárbúskap og kvótakerfið í mjólkurframleiðslu séu til bóta.

Í skýrslunni segir að íslensk stjórnvöld verði að draga úr stuðningi við landbúnaðinn og jafnframt halda áfram að þróa „skilvirkari og betur samhangandi stefnu“. Sú stefna ætti að hafa skýr markmið, meðal annars umhverfisvernd, minni truflanir á framleiðslu og viðskiptum og betri varðveislu náttúruauðlinda.

Ken Ash, yfirmaður viðskipta- og landbúnaðarmála hjá OECD, segir í skýrslunni að stuðningur við landbúnað eigi að beinast í auknum mæli að því að auka framleiðni og samkeppnishæfni í greininni og fá meira fyrir peninga skattgreiðenda. „Ríkisstjórnir í fjárþröng, sem eru að skera niður ýmsa þætti fjárlaganna, munu neyðast til að bæta skilvirkni landbúnaðarstefnunnar,“ segir Ash. **- shá**



**MJÓLKURFRAMLEIÐSLA** OECD segir mjólkurkvótakerfið draga úr óskilvirkni.

Ævintýri í Norðlingaholti:

## Flæði á milli skólastiganna

**REYKJAVÍK** Starfsemi í nýbyggðum leikskóla í Norðlingaholti í Reykjavík er hafin en þar eru fimm deildir sem heyra undir leikskólann Rauðhól.

Rúmlega 100 börn eru í nýja húsnæðinu, sem nefnist Ævintýri. Það er samtengt Norðlingaskóla og er miðað við að töluvert flæði verði milli skólastiganna. Leikskólabörnin munu vinna ýmis verkefni með grunnskólabörnunum og leikskólinn samnýtir mötuneyti grunnskólans. **- þj**

# Minna en 3% kynferðisbrotamála enda með sakfellingu

**Tæplega 1.400 kynferðisbrot voru tilkynnt til lögreglu á árunum 2008 til 2011. Þar af fóru 204 mál til Ríkissaksóknara, þar sem 35% enduðu í ákæru. Stígamót og Aflið þjónustuðu 1.382 einstaklinga á tímabilinu.**

**DÓMSMÁL** Um 75 prósent kynferðisbrotamála sem tilkynnt eru til lögreglu eru ekki send áfram til Ríkissaksóknara til meðferðar.

Af þeim 204 kynferðisbrotamálum sem embættið hefur fengið á sitt borð síðan árið 2008 hafa 109 verið látin niður falla, eða um helmingur.

Fram kemur í óútgefnum tölum frá Ríkislögreglustjóra að 365 kynferðisbrot voru tilkynnt til lögreglu í fyrra. Sama ár fékk Ríkissaksóknari 65 til sín, en 25 þeirra voru látin niður falla.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti Ríkislögreglustjóra ber að hafa í huga að þegar tölur embættanna tveggja eru bornar saman getur skipt máli ef gögnin eru ekki tekin út á sama degi og eins er mikilvægt að þau séu tekin út frá sömu forsendum. Einnig ber að taka fram að ef tveir einstaklingar eru grunaðir eða kærðir fyrir sama brot, er það talið sem eitt brot í fjöldatölum frá lögreglu.

„Til dæmis er hægt að taka út brot bæði út frá dagsetningu brotsins (það er aðeins brot sem áttu sér stað árið 2011) eða þau sem tilkynnt voru árið 2011 en gátu hafa átt sér stað fyrri ár,“ kemur fram í upplýsingum frá embættinu.

Í skýrslu ríkislögreglustjóra um feril kynferðisbrota hjá embættinu árið 2008 kemur fram að í um 40 prósentum nauðgunarmála var ástæða þess að lögregla hætti rannsókn sú að máli er ekki fylgt eftir af brotaþola eða brotaþoli dregur kæru til baka. Í um 30 prósentum málanna var ætlaður gerandi ekki þekktur og í um fimmtungi mála voru sönnunargögn ekki nægjanleg svo að lögregla teldi sig geta vísað því til ákvörðunar ríkissaksóknara.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, sagði í Fréttablaðinu í síðustu viku að hún hefði skorað á stjórnvöld að stofna embætti sérstaks saksóknara kynferðisbrotamála til að takast á við þessa þróun í lágu hlutfalli dóma.

**sunna@frettabladid.is**

## Ferill kynferðisbrotamála




HEIMILD: RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI OG RÍKISSAKSÓKNARI

## Leitað til lögreglu í um 8% tilfella

Stígamót taka á móti um það bil 300 nýjum einstaklingum á hverju ári til viðtala og ráðgjafar. Aflið á Akureyri tekur á móti á bilinu 60 til 80. Alls hafa samtökin tvö tekið á móti 1.382 einstaklingum í viðtöl á árunum 2008 til 2011.

Í ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2011 kemur fram að 278 einstaklingar leituðu til samtakanna í fyrra vegna nýrra mála, þar af voru tæp 12 prósent karlmenn. Þjóðerni brotaþola var í nær öllum tilvikum íslenskt.

Um 40 prósent brotanna höfðu ekki verið rædd við neinn fagaðila áður en manneskjan leitaði til Stígamóta. Átta prósent einstaklinganna höfðu leitað til lögreglu.

„Í þau 22 ár sem liðin eru frá stofnun Stígamóta hafa 5.946 einstaklingar leitað aðstoðar hjá samtökunum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 8.526 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi,“ segir í skýrslunni.



**DALVÍK** Veðurklúbburinn á elliheimilinu spáir í framtíðina.

Veðurklúbburinn á Dalvík:

## Fyrst kuldar og svo hlýnar á ný

**VEÐUR** Liðsmenn Veðurklúbbsins á Dalvík funduðu í síðustu viku til að spá í spilin varðandi veðrið fram undan.

Að því er kemur fram á vef Dalvíkurbyggðar var farið yfir tunglkomur og fyllingar og þá staðreynd að nýtt tungl kviknar mánudaginn 15. október.

„Mánudagstungl geta vitað á mjög góða tíð og eins slæma þannig að grípa þurfti til annarra veðurteikna til að ráða fram úr veðurhorfum í október. Eftir nokkrar vísbendingar varð niðurstaðan sú að spá því að í byrjun mánaðar yrði tíð fremur köld og lítils háttar snjókoma. Eftir stutt kuldakast er reiknað með að dragi til suðlægra átta og að seinni hluti mánaðarins verði mildur og með þægilegu haustveðri,“ segir á Dalvik.is. **- gar**

## LEIÐRÉTT

Ranghermt var í umfjöllun um þýðingu Jóns Arnar Marinóssonar á barnabókinni Þytur í laufi að það væri fyrsta íslenska þýðing bókarinnar. Hið rétta er að Björg Árnadóttir þýddi bókina fyrir rúmum þrjátíu árum og las hana í útvarpi undir nafninu Leikur í laufi. Sú þýðing var hins vegar aldrei gefin út.




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**LÉTTIR TIL** Það dregur úr úrkomu á norðanverðu landinu á morgun og birtir smám saman til. Á föstudag snýst í suðvestanátt og þykknar aðeins upp vestantil en bjartviðri víða annars staðar. Hitinn breytist ekki mikið.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 15° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 24° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 12° |
| París | 18° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

TVÖFALDUR ★★ FYRSTI VINNINGUR

# 2100 MILLJÓNIR



**300.000.000**
**+1.800.000.000**

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ **2.100.000.000**

Tvöfaldur fyrsti vinningur stefnir í 300 milljónir
og Ofurpotturinn í 1.800 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 3. OKTÓBER 2012

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

**KJÖRKASSINN**



*Þekkir þú fólk sem hefur glímt við ófrjósemi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 78,6% |
| NEI | 21,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú búin(n) að kaupa skjólflík fyrir veturinn?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Georgíuforseti viðurkennir sigur stjórnarandstöðunnar í þingkosningum:

# Ivanisvili vill afsögn forsetans

**GEORGÍA, AP** Mikhaíl Saakasvili Georgíuforseti hefur viðurkennt ósigur flokks síns í þingkosningum á mánudag. Bidzina Ivanisvili, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, skorar á Saakasvili að segja af sér.

Búast má við aukinni hörku í stjórnmálum Georgíu næstu misserin, eftir að Ivanisvili tekur við sem forsætisráðherra, en kjörtímabil Saakasvili rennur ekki út fyrr en að ári.

Saakasvili hefur verið við völd í níu ár. Hann hefur gert ýmsar umbætur í stjórnmálum og efnahagsmálum, sem hafa laðað erlenda fjárfesta til landsins. Fyrir vikið hefur hagvöxtur tekið stökk á síðustu árum.



**BIDZINA IVANISVILI** Segir umbætur forsetans tómt grín. NORDICPHOTOS/AFP

Ivanisvili, sem er leiðtogi Draums Georgíu, bandalags stjórnarandstöðuflokkanna, segir að umbætur forsetans séu tómt grín og að hugmyndafræði hans sé reist á lygum. Ivanisvili vill bæta tengslin við Rússa, sem hafa stirðnað verulega á valdatíma Saakasvili, sem hefur hallað sér meira að Vesturlöndum en að Rússlandi. Ivanisvili er milljarðamæringur. Hann hagnaðist á viðskiptum í Rússlandi og hefur til þessa verið lítt þekktur meðal almennings í Georgíu.

Hann býr sig nú undir að mynda ríkisstjórn. **- gb**

Umferð jókst í Reykjavík í júlí:

# Færri óku bíl í síðasta mánuði

**SAMGÖNGUR Umferðin á höfuðborgarsvæðinu dróst lítillega saman í september miðað við sama tíma í fyrra, eða um 0,9 prósent.**

**Þó hefur umferðin aukist frá áramótum innan svæðisins, eða um 1,1 prósent. Mest jókst hún í júlí, um 7,7 prósent, er fram kemur á vef Vegagerðarinnar. Það gæti bent til þess að höfuðborgarbúar hafi farið minna út á land þetta sumarið, enda dróst umferðin um hringveginn saman um 2,5 prósent þann mánuð. - sv**



**FRAMKVÆMDIR Á VEGUM GAGNAVEITU** Ljósleiðari hefur verið lagður um allt höfuðborgarsvæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hlutur í Gagnaveitu til sölu:

# Orkuveitan vill selja helming

**BORGARMÁL** Orkuveita Reykjavíkur hyggst selja tæplega helmings hlut í Gagnaveitu Reykjavíkur, en meðal þeirra sem hafa sýnt áhuga á slíkum kaupum eru lífeyrissjóðirnir.

Eigendanefnd Orkuveitunnar hefur samþykkt tillögu þess efnis, en stjórn Orkuveitunnar mun taka málið til umfjöllunar síðar í mánuðinum.

Frá þessu var skýrt í Morgunblaðinu í gær. Þar kemur einnig fram að vonast sé til þess að í það minnsta tveir og hálfur milljarður fáist út úr sölunni. Í fjárhagsáætlun Orkuveitunnar er gert ráð fyrir sölu eigna upp á ríflega fimm milljarða króna á næsta ári. **- gb**

**REYKJANESBÆR**

### Tækifæri tengd kísilveri

Tvö fyrirtæki hafa hug á að nýta sér gufu frá fyrirhuguðu kísilveri í Helguvík. Frá þessu segir á vef Víkurfrétta. Hugmyndirnar eru háðar því að kísilverið verði að veruleika, en bærinn hefur þegar úthlutað öðru fyrirtækinu lóð á hafnarsvæðinu.

**BLÖNDUÓS**

### Lagnir og brú yfir Blöndu

Á næsta ári verða tvær heitavatnslagnir lagðar yfir Blöndu til að sinna nyrðri byggðinni á Blönduósi og Skagaströnd. Þetta segir á vefnum Huni.is. Þar segir einnig að lagnirnar verði tengdar nýrri göngubrú sem lögð verður yfir Blöndu.

# Vilja innihaldsríkari stjórnmálaumræðu í landinu

**Þungavigtarfólk úr stjórnmálum, atvinnulífi og samtökum launafólks fundaði í gær. Markmið hópsins er að hafa áhrif á þjóðmálaumræðuna í landinu; ekki síst innan stjórnmálaflokkanna. Útiloka ekki framboð.**

**STJÓRNMÁL** Breiður hópur reynslubolta úr stjórnmálum, atvinnulífi og samtökum launafólks fundaði á Hótel Nordica í gær með það að markmiði að reyna að stýra þjóðfélagsumræðunni, og þá ekki síst umræðunni um Evrópumál, í skýrari farveg. Fundarmenn hafa ekki í hyggju að stofna formlegan félagsskap og því er nýtt framboð ekki inni í myndinni, að svo stöddu. Fundarmenn hafa ólíkan bakgrunn og eiga sér fortíð innan flestra stjórnmálaflokka sem eiga fulltrúa á Alþingi.

Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri og einn skipuleggjenda, segir tilurð fundarins vera einfalda. „Það er umræðan í samfélaginu sem er ástæða þess að við setjumst niður. Mönnum finnst stjórnmálin vera í úlfakreppu; menn ræða annars vegar aukaatriði og hins vegar eru þetta persónulegar hnýtingar. Um leið og einhver vill horfa til framtíðar er eins og slökkt sé á umræðunni og þá get ég ekki undanskilið neinn stjórnmálaflokk í því sambandi.“

Benedikt segir það uggvænlegt, þegar fáeinir dagar eru í fjögurra ára afmæli kreppu á Íslandi, að enn séu í landinu gjaldeyrishöft, lægri laun en víða erlendis, hærri vextir og verðbólga, lakara velferðarkerfi og minna atvinnufrelsi. „Og það er ekki í augsýn að þetta breytist og stjórnmálamenn tala þannig að vegna þess að þessu verði ekki breytt í bráð þá eigi bara að tala um þetta seinna. Þessu vill hópurinn breyta og gera eitthvað í málinu.“

Ekki er um formlegan félagsskap að ræða sem hittist í gær. En kemur framboð til greina? „Þar heyri ég að menn hafa ólíkar skoðanir. En þetta er fólk með ólíkan bakgrunn í stjórnmálum þó það sé sammála um viss grundvallaratriði. Orð eru til alls fyrst og þetta getur þróast í ýmsar áttir,“ segir Benedikt og bætir við að jarðvegurinn fyrir stjórnmálaumræðuna sé frjór þessa dagana enda fram undan prófkjör stjórnmálaflokkanna fyrir komandi alþingiskosningar.

**svavar@frettabladid.is**



**FUNDAÐ** Alls skrifuðu 72 einstaklingar undir ályktun fundarins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Þessi voru meðal fundarmanna á Hótel Nordica

**Ari K. Jónsson** rektor. **Andrés Magnússon,** framkvæmdastjóri SVÞ. **Árni Páll Árnason,** þingmaður Samfylkingar. **Baldur Þórhallsson,** prófessor í stjórnmálafræði. **Benedikt Jóhannesson,** framkvæmdastjóri Talnakönnunar. **Finnur Oddsson,** framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. **Friðrik Pálsson,** forstjóri Hótel Rangár. **Guðmundur Gunnarsson** verkalýðsforingi. **Gylfi Arnbjörnsson,** forseti Alþýðusambands Íslands. **Gylfi Sigfússon,** forstjóri Eimskips. **Halldór Halldórsson,** formaður Samtaka sveitarfélaga. **Haraldur Flosi Tryggvason,** stjórnarformaður Orkuveitunnar. **Helgi Magnússon** iðnrekandi. **Jón Kristjánsson,** fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins. **Jón Sigurðsson,** fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins. **Jón Sigurðsson,** Össuri. **Kristín Pétursdóttir,** Auði Capital. **Kristrún Heimisdóttir** lektor. **Magnús Geir Þórðarson,** Leikfélagi Reykjavíkur. **Orri Hauksson,** framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. **Rannveig Guðmundsdóttir,** fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar. **Stefán Jón Hafstein,** Þróunarsamvinnustofnun. **Vilhjálmur Egilsson,** framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. **Vilhjálmur Þorsteinsson,** stjórnarformaður CCP. **Vilmundur Jósepsson**, formaður Samtaka atvinnulífsins. **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,** þingmaður Sjálfstæðisflokks. **Þorsteinn Pálsson,** fyrrverandi forsætisráðherra. **Þórður Magnússon,** stjórnarformaður Eyris. **Þórunn Sveinbjarnardóttir,** fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar.

## Ályktun – Fjögur meginmarkmið

- Agaða hagstjórn sem samræmi stefnuna í ríkisfjármálum og málefnum atvinnuveganna markmiðinu um fjármálastöðugleika og upptöku nothæfs gjaldmiðils.
- Traustan pólitískan stuðning við efnahagsmarkmiðin og aðildarviðræður við Evrópusambandið.
- Nýja raunhæfa áætlun um aðildarviðræðurnar með hliðsjón af aðstæðum hér heima og í Evrópu.
- Sú breyting á stjórnarskránni taki gildi sem tryggir að þjóðin geti tekið þessar brýnu ákvarðanir um stöðu Íslands í Evrópu á næsta kjörtímabili.



GULLTILBOÐ 1

# PARÍS

ÍÐANDI MANNLÍF Í HEIMSBORGINNI



París er borg sem fólk elskar af ástríðu og rómantíkin svífur í loftinu. Veitingastaðir, gangstéttarkaffihúsin og glæsilegir skemmtistaðir eru á hverju götuhorni og hvergi betra að njóta lífsins.

**3 nætur, 30. nóv.–3. des.**

FULLT VERÐ 75.900 KR.

**49.900 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x26

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallarskattar. Gist á 3* hóteli, Best Western Ronceray Opéra, ásamt morgunmat.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR

GULLTILBOÐ 2

# COSTA BALLENA

GOLFPARADÍS Á SUÐUR SPÁNI



Eitt flottasta golfsvæði í Evrópu, þar sem allar aðstæður til golfiðkunar er fyrsta flokks. Gist á 4 stjörnu hóteli með hálfu fæði, ótakmarkað golf á La Estancia í 7 daga og 2 hringir á Novo Sancti Petri.

**10 nætur, 16.–26. okt.**

PUNKTAR GILDA x55

FULLT VERÐ 209.900 KR.

**154.900 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Beint leiguflug með Icelandair, flugvallarskattar, flutningur á golfsettum, rúta til og frá flugvelli, gisting á 4 stjörnu hóteli með morgunmat og kvöldmat, ótakmarkað golf alla daga, golfkerrur og æfingaboltar.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

Heimsferðir

# HAGSTÆÐARA HAUST FYRIR N1 KORTHAFA

**SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

Þú getur keypt gull- og silfurtilboðin með N1 appinu

**ATH!**

Vörur keyptar á silfurtilboði fást afhentar í völdum verslunum og þjónustustöðvum um allt land

SILFURTILBOÐ 1

## iPhone 4S

**16GB, MEÐ WiFi OG 3G**

- 8 MP myndavél með sjálfvirkum fókus
- HD vídeóupptaka
- MP3 spilari
- Tölvupóstur, IMAP4, POP3 og Microsoft Exchange
- Filma á skjánum (auðvelt að þrífa og kámast ekki)
- 1.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði frá Nova fylgir. Gildir á meðan síminn er í notkun í farsímakerfi Nova. 0 kr. Nova í Nova og eitt verð í alla.

FULLT VERÐ 119.900 KR.

**99.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x20



PUNKTAR GILDA x15

SILFURTILBOÐ 2

## BARNAKERRA

**SUNNY LOVE**

- Fáanleg í svörtu eða rauðu
- Ítölsk hönnun
- Léttur álrammi
- Kerrusæti, hægt að snúa í báðar áttir
- Góð gúmmíhjól
- 5 punkta belti
- 3 stillingar á baki
- Stillanlegur fótskemill
- Hægt er að fá flotta auka- og fylgihluti með barnakerrunni, frekari upplýsingar inn á www.n1.is

FULLT VERÐ 49.900 KR.

**34.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

SILFURTILBOÐ 3

## KAFFIVÉL

**DELONGHI ESPRESSO**

- Magnifica 1,8l Espresso kaffivél með kaffikvörn
- 1450W
- Hljóðlát kvörn – með 13 stillingum
- Pláss fyrir 200 g af baunum
- Tekur líka malað kaffi
- Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te
- Auðveld í þrifum
- Litur: Svartur

FULLT VERÐ 79.995 KR.

**59.995 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x20





PUNKTAR GILDA x9

SILFURTILBOÐ 4

## KASTARAR

**HELLA RALLYE 3003**

- Fyrir H1 peru ásamt 5W stöðuljósi (perur fylgja ekki)
- 12/24V ref 37,5
- Ø 22cm
- Glært gler
- Tveir kastarar

FULLT VERÐ 22.950 KR.

**13.950 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

N1TILBOÐ

**MATAROLÍUR OG KRYDD**

FULLT VERÐ 2.900 KR.

**900 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x2

N1TILBOÐ

**EYRNASKJÓL MEÐ iPOD TENGI**

FULLT VERÐ 4.900 KR.

**1.900 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x2

N1TILBOÐ

**CD ÞÓRUNN ANTONÍA EÐA THE VINTAGE CARAVAN**

FULLT VERÐ 2.990 KR. STK.

**990 KR. STK.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x2






PUNKTAR GILDA x2

N1TILBOÐ

**TAPAS SETT**

FULLT VERÐ 3.990 KR.

**1.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x3

N1TILBOÐ

**CASALL JÓGA-DÝNA**

FULLT VERÐ 5.900 KR.

**3.900 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x2

N1TILBOÐ

**DVD THE HUNGER GAMES EÐA LITLA STÓRA PANDAN**

FULLT VERÐ 2.990 KR. STK.

**990 KR. STK.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

**SVONA NÝTIR ÞÚ ÞÉR TILBOÐIN**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Tilboðin gilda í október eða meðan birgðir endast.

Fíton/SÍA

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

WWW.N1.IS

N1

Minningarsjóður
Ólafíu Jónsdóttur
auglýsir
STYRKI TIL RANNSÓKNA

á sviði geðverndar.
Umsóknum skal skila til Geðverndarfélags Íslands, Hátúni 10, 105 Reykjavík, fyrir 15. janúar 2013.

Úthlutun fer fram á aðalfundi Geðverndarfélags Íslands í mars 2013.

Stjórn Minningarsjóðs Ólafíu Jónsdóttur

Þrátt fyrir hækkanir á næsta ári er kaupmáttur barnabóta enn minni en 2008:

# Hækkunin jákvæð en ekki nóg

**SAMFÉLAGSMÁL** „Þessi aðgerð ríkisstjórnarinnar er mjög jákvætt skref í rétta átt en við hefðum viljað sjá enn meiri hækkun,“ segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, um fyrirhugaðar breytingar á barnabótakerfinu. Fjármálaráðherra kynnti hækkun á bótunum og tekjuskerðingarmörkum í fyrradag.

„Vissulega er það fagnaðarefni að verið sé að hækka upphæðir og draga úr tekjuskerðingu barnabóta. Barnabætur og tekjuskerðingarmörk hafa staðið í stað frá árinu 2009 og BSRB hefur lengi bent á að mikil nauðsyn sé á að styðja betur við barnafjölskyldur. Mér sýnist þetta koma best við þá sem eiga mörg börn og eru tekjulágir svo það er jákvætt,“ segir Elín Björg á heimasíðu BSRB.


ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR

Elín Björg segir einnig að þótt krónutala barnabóta muni hækka á næsta ári muni það ekki nægja til að bæta barnafólki upp kaupmáttarskerðinguna sem orðið hefur á bótunum frá árinu 2008.

„Ef við tökum dæmi af sambúðarfólki með tvö börn hefur kaupmáttur barnabóta þeirra rýrnað um nærri 30 prósent frá 2008 til 2012.

Samkvæmt okkar útreikningum munu barnabætur eftir þessa fyrirhuguðu breytingu fyrir árið 2013 samt hafa rýrnað um 7,6 prósent fyrir einstæða foreldra í sömu stöðu og 2,8 prósent hjá sambýlisfólki.“ - þeb

# Hélt aftur af hlátri undir vanhæfisræðu

**Vararíkissaksóknari brosti að málflutningi verjanda Gunnars Andersen í héraðsdómi í gær. Þar var tekist á um hvort saksóknarinn væri vanhæfur í málinu vegna þess að Gunnar hefði haft hann undir í slagnum um stöðu forstjóra FME.**

**DÓMSMÁL** Verjandi Gunnars Andersen, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins (FME), krafðist þess í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að máli á hendur Gunnari fyrir brot á þagnarskyldu yrði vísað frá vegna vanhæfis Helga Magnúsar Gunnarssonar vararíkissaksóknara.

Röksemd Guðjóns Ólafs Jónssonar, verjanda Gunnars, fyrir vanhæfinu er sú að Helgi Magnús hafi verið meðal nítján umsækjenda um forstjórastöðuna hjá FME í febrúar 2009 þegar Gunnar var ráðinn.

Gunnar sætir ákæru, ásamt fyrrverandi starfsmanni Landsbankans, fyrir að hafa látið DV í té upplýsingar um fjármál þingmannsins Guðlaugs Þórs Þórðarsonar.

Í máli Guðjóns Ólafs kom fram að Helgi Magnús hefði lotið í lægra haldi fyrir Gunnari í samkeppni um opinbert embætti og að það hlyti að hafa verið honum mikið persónulegt áfall. Af þeim sökum hlyti hann að teljast vera vanhæfur sem saksóknari í máli gegn honum.

Guðjón Ólafur sagði að ef Helgi Magnús væri langrækinn og hefnigjarn maður – „sem ég er alls ekki að segja hann sé,“ skaut hann inn í – þá væri þetta dómsmál kjöraðstæður fyrir saksóknarann að ná sér niður á Gunnari fyrir að hafa haft hann undir.


GUNNAR Þ. ANDERSEN


HELGI MAGNÚS GUNNARSSON

Helgi Magnús brosti reglulega í kampinn undir ræðu Guðjóns Ólafs, ekki síst þegar talið barst að því hversu miður sín hann hlyti að hafa verið eftir tapið fyrir Gunnari í samkeppninni um starfið.

„Sækjandi biðst afsökunar ef hann hefur verið of nálægt því að hlæja undir þessum málflutningi,“ sagði Helgi Magnús þegar hann hóf ræðu sína.

Hann kvaðst aldrei hafa lýst neinni skoðun á þeirri niðurstöðu að Gunnar hefði verið valinn fram yfir hann eða vanlíðan vegna hennar. Staðreyndin væri sú að honum hefði þótt Gunnar „einstaklega hæfur til að gegna þessu starfi eins og dæmin hafa sýnt“.

Helgi benti á að á litla Íslandi lægju leiðir manna saman og ef krafan yrði tekin til greina væru sennilega allir vanhæfir í samfélaginu. „Á það að leiða til vanhæfis að saksóknari hafi spilað fótbolta með dómaranum fyrir tíu, fimmtán árum – og sennilega tapað?“ spurði hann með vísan til sjálfs sín og Símonar Sigvaldasonar dómara. Helgi taldi svo ekki vera.

Hann sagði kröfuna tilbúning verjanda til að „þyrla upp reykskýi“ og lauk ræðu sinni á þessum orðum: „Að þessu sögðu held ég að sækjandi nenni ekki að eyða meiri tíma í þetta.“

stigur@frettabladid.is

## Kallaði ákæruna hrákasmíð og bastarð

Í framhjáhlaupi gagnrýndi Guðjón Ólafur, verjandi Gunnars, ákæru ríkissaksóknara. Hann kallaði hana „hrákasmíð“ og „bastarð“ og sagði hana bæði óskýra og óglögga.

Helgi Magnús gaf lítið fyrir þessi ummæli í ræðu sinni, sagði þau „hliðarskæting“ settan fram í þeim eina tilgangi að „þjóna lund verjandans“. Ef dómarinn teldi ákæruna gallaða þá yrði það tekið fyrir við annað tækifæri.

Minningarsjóður
Kjartans B. Kjartanssonar auglýsir
NÁMSSTYRK

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki til þeirra, sem leggja í framhaldsnám vegna geðverndarstarfa eða meðferðar geðsjúkra, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa, sálfræðinga og iðjuþjálfa.

Stjórn sjóðsins auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki. Umsóknum skal skila til Geðverndarfélags Íslands, Hátúni 10, 105 Reykjavík, fyrir 15. janúar 2013.
Úthlutun fer fram á aðalfundi Geðverndarfélags Íslands í mars 2013
Stjórn Minningarsjóðs Kjartans B. Kjartanssonar

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR
vísir - oft á dag

www.volkswagen.is




Volkswagen Golf BlueMotion

Sparnaðarráð frá Þýskalandi

Meðaleyðsla aðeins
3,8 lítrar á hverja 100 km**

** Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Golf BlueMotion 1.6

Das Auto.

* Volkswagen Golf var sigurvegari í árlegri sparaksturskeppni Atlantsolíu 2012, í flokki dísilbíla 1.4-1.6 cc.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Golf

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

# VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?



**Heimilið**
**Líf- og heilsa**
**Bíllinn**
**Fyrirtækið**

**Einu sinni voru allir þessir hlutir með verðmiða.** Eftir því sem hlutunum fjölgar renna þeir saman í eina stóra heild. Við gerum okkur því sjaldnast grein fyrir verðmæti þeirra fyrr en eitthvað kemur fyrir.

Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili, til dæmis í eldhúsinu?

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft. **Reiknivélin á www.vordur.is hjálpar þér fyrstu skrefin.**

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.

vörður

ÍSLENSKA SIA.IS VOR 58252 04/12

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvað heitir utanríkisráðherra Sýrlands?*

**2.** *Hver er eigandi veitingahússins Sjávarbarinn?*

**3.** *Hvað heitir byggðamálastjóri Evrópusambandsins?*

**SVÖR**

**1.** *Walid al Moallem.* **2.** *Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður.* **3.** *Johannes Hahn*

Þingmaður kristilegra demókrata í Hollandi gagnrýnir Landsdómsmálið:

# Málið hafði slæm áhrif á Ísland

**LANDSDÓMUR** Þingmaður kristilegra demókrata í Hollandi gagnrýnir harðlega dóminn yfir Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, í minnisblaði sem hann sendi til laganefndar Evrópuráðsþingsins í gær.

Þingmaðurinn, Pieter Omtzigt, segir í minnisblaðinu að tilraunin til að láta sakfella Geir fyrir Landsdómi sé dæmi um þá eitrun sem verði í andrúmslofti stjórnmála þegar pólitískar aðgerðir eru gerðar að glæpsamlegu athæfi án þess að hafa réttlætið til hliðsjónar.

Omtzigt er fulltrúi Hollands í nefndinni og vinnur nú að ítarlegri skýrslu um nauðsyn þess að halda pólitískum skyldum stjórnmálamanna aðskildum frá glæpsamlegu athæfi. Hann áætlar að skila skýrslunni á næsta ári.

Þingmaðurinn segir í minnisblaði sínu um Landsdóm að málið hafi greinilega haft slæm áhrif á íslenska stjórnmálastétt og skilið eftir „vont eftirbragð“.

Omtzigt kom til Íslands í maí og ræddi við Geir og verjanda hans, Andra Árnason. Þá stendur til að hann fari til Úkraínu á næstunni til að kynna sér málið gegn Júlíu Tymoshenko og fleiri í hennar ríkisstjórn, er fram kemur á vef Evrópuráðsins. **- sv**



**LANDSDÓMUR** Þingmaður í laganefnd Evrópuráðsins vinnur nú að skýrslu þar sem Landsdómsmálið verður tekið fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Borgarfulltrúi vill á þing:

# Björk gefur kost á sér í prófkjöri

**PRÓFKJÖR Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi og félagsráðgjafi ætlar að gefa kost á sér í 3. til 4. sæti í væntanlegu prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík vegna alþingiskosninga.**

**Björk hefur setið í borgarstjórn í tíu ár og verið í forsvari velferðarmála stærstan hluta þess tíma.**

**Björk segist ekki sætta sig við að ungt fólk sé án vinnu og utan skóla. Hún ætlar að beita sér fyrir breyttri félagsmálalöggjöf. Hún vill beita sér fyrir breyttum húsnæðismarkaði, umhverfismálum og nýrri stjórnarskrá. - þeb**


toyotakauptuni.is




Lexus CT200h Exe
1800 Bensín/rafmagn, sjálfskiptur
Á götuna: 04.12 Ekinn: 6.500 km
Verð: 5.300.000 kr.

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Sími: 570-5070
Opið mán-fös kl. 07.45-18.00
lau kl. 10.00 - 16.00
info@toyota.is

4 ár Lágmarks-ábyrgðartími
75% Lánshlutfall
4,1 lítrar Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri
$CO_2$ 94g Útblástur $CO_2$ gr.
P Umhverfisvænn bíll Frítt í stæði í Rvk.

Betri notaðir bílar TOYOTA


Aukið gegnsæi í stjórnsýslu Hafnarfjarðar:

# Birta gögn af fundum

**STJÓRNSÝSLA** Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa innleitt nýjar reglur um birtingu gagna með fundargerðum til að auka gagnsæi í stjórnsýslu bæjarins.

Í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ er haft eftir Guðrúnu Ágústu Guðmundsdóttur bæjarstjóra að reglunum sé ætlað að tryggja að birting gagna sé byggð á málefnalegum forsendum í samræmi við upplýsingalög, stjórnsýslulög og lög um persónuvernd.

„Nú munu fundargerðir bæjarins ekki aðeins innihalda upplýsingar um hvaða mál voru á dagskrá og hvaða afgreiðslu þau hafa hlotið, líkt og lög kveða á um að þær geri, heldur munu þær innihalda greiða leið fyrir bæjarbúa og aðra að þeim upplýsingum sem lagðar eru formlega fram á fundum og skýrt geta ákvarðanir viðkomandi nefnda og ráða í einstökum málum,“ segir í tilkynningunni.

„Birting gagna með fundargerðum er í samræmi við stefnu Hafnarfjarðarbæjar í upplýsingarmálum þar sem áhersla er lögð á að bæjarbúar, starfsmenn, fyrirtæki og fjölmiðlar séu almennt upplýstir um málefni og starfsemi bæjarfélagsins. Einnig að upplýsingar séu aðgengilegar og settar fram með skýrum og einföldum hætti.“ **- gar**



**GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR** Bæjarstjórinn í Hafnarfirði segir nýjum reglum ætlað að tryggja birtingu gagna á málefnalegum forsendum.


Láttu hjartað ráða




„Hrískökurnar mínar eru glútenlausar og góðar með ýmsu áleggi. Þær eru hollar og henta því vel á milli mála.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · www.lífrænt.is

HIMNESKT

# ferð.is

**ferðaskrifstofa á netinu**

**Flugsæti 29.900kr. fram og til baka!**

# Sevilla og Madrid á botn-prís!



## Sevilla

**Flugsæti**

**5. - 8. október**

**Verð frá 29.900 kr.**

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallaskattar.

## Madrid

**Flugsæti**

**11. - 14. október**

**Verð frá 29.900 kr.**

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallaskattar.

**Takmarkað sætaframboð!**

## Nánar á Ferð.is

**ferð.is** er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

fljúgðu fyrir minna

**ferð.is**
**sími 570 4455**

ÍSLENSKA SIA.IS FER 61313 10/12

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Dýrt, óskilvirkt landbúnaðarkerfi:

## Enginn áhugi á umbótum

Íslenzkir skattgreiðendur greiða um helmingi hærri styrki til landbúnaðarins en ríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) gera að meðaltali. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu stofnunarinnar, sem Fréttablaðið sagði frá í gær. Á Íslandi nemur stuðningur við landbúnaðinn um 17 milljörðum króna á ári, sem er annars vegar í formi styrkja á fjárlögum og hins vegar tollverndar. Stuðningurinn nemur um 47% af tekjum bænda, en OECD-meðaltalið er um 20%, svipað og í Evrópusambandinu.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



OECD bendir á að opinber stuðningur við landbúnað hafi minnkað undanfarin tvö ár, en það sé fremur vegna þróunar gengis og heimsmarkaðsverðs á búvörum en að íslenzk stjórnvöld hafi breytt landbúnaðarstefnunni.

Þetta er staðreynd, sem hlýtur að valda furðu þegar annars vegar er hafður í huga vandinn í ríkisfjármálum og hins vegar að styrkirnir, sem íslenzkir skattgreiðendur greiða til einkafyrirtækja í þessari einu grein, eru einhverjir þeir hæstu á byggðu bóli. Einhver hefði sagt að einmitt nú ætti að skera upp hið dýra landbúnaðarkerfi, en á því hefur ríkisstjórnin ekki haft áhuga, heldur endurnýjaði hún nýlega búvörusamninga lítið breytta.

Landbúnaðarstyrkir á Íslandi eru ekki aðeins þeir fimmtu hæstu í heimi, heldur eru þeir að stærstum hluta framleiðslutengdir og þar af leiðandi samkeppnishamlandi og markaðstruflandi. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, sagði í Fréttablaðinu í gær að haga þyrfti stuðningnum þannig að hvatar samkeppninnar væru nýttir til að styrkja greinina og auðvelda nýjum aðilum að vaxa og dafna á markaðnum. Á slíkum breytingum sem myndu auka skilvirkni í greininni hafa íslenzk stjórnvöld heldur ekki haft áhuga. OECD telur að hlutfall markaðstruflandi landbúnaðarstyrkja sé um 70% á Íslandi, samanborið við til dæmis 25% í ESB.

Stundum er látið eins og háir landbúnaðarstyrkir á Íslandi séu mál sem nánast þurfi ekki að ræða og að landbúnaðurinn leggist af ef hinu úrelta styrkjakerfi verði breytt. Það er auðvitað rangt. Umbætur á landbúnaðarstefnunni í ýmsum nágrannalöndum okkar sýna að það er hægt að lækka kostnað skattgreiðenda og ýta um leið undir skilvirkni, þróun og nýjungar í landbúnaði.

Við getum líka litið til reynslu fjarlægari landa. Um miðjan níunda áratug síðustu aldar var efnahagskreppa á Nýja-Sjálandi og ríkisfjármálin í kalda koli. Þáverandi ríkisstjórn skar stuðning við landbúnaðinn úr svipuðum upphæðum og þá tíðkuðust í Evrópulöndum, niður í nánast ekki neitt. Í dag er stuðningur nýsjálenzkra skattgreiðenda 1% af tekjum bænda og felst fyrst og fremst í rannsóknar- og þróunarstyrkjum. Landbúnaðurinn er blómleg undirstöðuatvinnugrein, sem halar inn meirihlutann af útflutningstekjum landsins. Samt voru þeir að sjálfsögðu til á sínum tíma, sem spáðu því að nýsjálenzkur landbúnaður legðist af við breytinguna, ekki sízt af því að hann væri svo fábreyttur.

Reynsla annarra sýnir að háir, markaðstruflandi landbúnaðarstyrkir eru ekki óumbreytanlegt náttúrulögmál. Áhugaleysi stjórnmálamanna á Íslandi á að taka til í þessum geira er illskiljanlegt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

*Skráðu þig núna í nám og náðu forskoti:*

**Excel námskeið**

Ómissandi námskeið fyrir þá sem vilja læra sem mest um Excel.

- **Excel I - Almenn töflureiknisnotkun**
  *Hefst: 22. október/22 stundir/verð: 28.900,-*
- **Excel II - Fyrir lengra komna**
  *Hefst: 8. október/18 stundir/verð: 32.900,-*
- **Excel III - Fjölvar og forritun með VBA**
  *Hefst: 26. nóvember/27 stundir/verð: 54.000,-*
- **Excel Pivottöflur (veltitöflur)**
  *Hefst: 9. nóvember/4 stundir/verð: 12.900,-*

**Meira en 8.300 einstaklingar** hafa lært á Excel hjá okkur.

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.000 hafa sótt nám hjá okkur frá 1986
Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hægri og hægri

Hollenskur Evrópuþingmaður kristilegra demókrata er óánægður með Landsdómsréttarhöldin yfir Geir H. Haarde. Hann hefur unnið minnisblað sem á að vera grundvöllur að vinnu laganefndar Evrópuþingsins. Þar segir að Alþingi hafi sett niður við málið og að það hafi eitrað pólitískt andrúmsloft. Þuríður Backman, þingmaður vinstri grænna, er ekki sannfærð um ágæti minnisblaðsins, og bætir við: „Það er jafnframt fráleitt að fela hægri þingmanni að fjalla um og skrifa skýrslu um hægri stjórnmálamann.“



### Einn Hollendingur

Þetta er furðuleg útlegging hjá Þuríði. Það er ekkert sem segir að vandaður Evrópuþingmaður geti ekki skrifað hlutlausa skýrslu um mann sem hann er sammála að sumu og kannski mörgu leyti. Væri ekki nær að orða það þannig að það sé fráleitt að ljá skoðun eins Hollendings svona mikla vigt, áður en kollegar hans á Evrópuþinginu fara um hana höndum?

### Óraunhæf áætlun

Stiginn er fram á sjónarsviðið hópur fólks sem telur samband Íslands við Evrópu í hálfgerðum ólestri. Meðal þess sem segir í ályktun hans er að útbúa verði nýja, raunhæfa áætlun um aðildarviðræður við Evrópusambandið. Í hópnum er margt mektarmenna, meðal annars Samfylkingarmaðurinn Árni Páll Árnason. Þar höfum við sem sé skoðun varaformanns utanríkismálanefndar Alþingis og mögulegs formannskandídats í Samfylkingunni á viðræðuáætlun Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra – sem Árni telur væntanlega óraunhæfa.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## 60 ára stjórnmálasamband

Alþjóðasamskipti
Hjálmar Sveinsson
fyrrum námsmaður í Þýskalandi



Um helgina var sagt frá því að miðar á tónleika Þýsku Fílharmóníunnar í Hörpu hefðu selst upp á fáeinum mínútum. Það kemur engum á óvart. Hljómsveitin hefur mjög lengi verið á heimsmælikvarða. Hún heldur þeim kvarða uppi. Sama má segja um fjölmarga þætti þýskrar menningar, ekki síst þeirrar mikilvægu menningar sem kallast verkmenning.

Þjóðverjar hafa í 60 ár sérhæft sig í framleiðslu á vöru sem heimurinn þarfnast: bílar, vélar, túrbínur, myndavélalinsur, hljóðeinangrandi plötur, flísalím, kítti, þvottavélar, jarðgangaborar og þannig mætti lengi telja. Eftirspurn heimsins eftir þýskri gæðavöru vex stöðugt. Í Kína þurfa aðdáendur þýskra bíla að bíða í hálft ár eftir nýjasta Audi 6, BMW 116 eða Porsche 911. Nýjustu tölur herma að verðmæti þýskrar útflutningsvöru árið 2012 muni fara langt yfir eina billjón evra. Þau verða um 170 milljörðum hærri en verðmæti innfluttrar vöru. Það mun vera heimsmet. Atvinnuleysi hefur ekki verið lægra í Þýskalandi í þrjá áratugi.

Um daginn var prentað í vikublaðinu Die Zeit áhugavert samtal breska sagnfræðingsins Niall Ferguson, sem er sérfróður um fjármála- og hagsögu, og kínverska hagfræðingsins Daokui Li sem er forstöðumaður kínversku hagfræðistofnunarinnar CCWE. Þeir voru að ræða um hvert væri lífvænlegasta efnahagskerfi heimsins á 21. öldinni. Daokui Li er ekki í nokkrum vafa um það. Hann segir að Kínverjar líti til Þýskalands sem fyrirmyndar í efnahagsmálum fremur en til Bandaríkjanna. Hann hafnar alfarið samsæriskenningum um að Þjóðverjar græði svo mikið á evrunni meðan öðrum þjóðum blæði. Hann bendir á að mikilvægustu markaðir fyrir þýskar vörur eru í Bandaríkjunum, Frakklandi, Brasilíu og Kína og hann fullyrðir að velgengni Þjóðverja stafi af áherslu þeirra á efnahagslegan stöðugleika, hátt menntunarstig og bestu verkmenningu í heimi.

Daokui Li líst ekkert á botnlausar skuldir Bandaríkjamanna og ósveigjanlegt efnahagskerfi þeirra. Hann segir að Þjóðverjar hafi stungið Bandaríkjamenn af á kínverska markaðnum.

Nú í haust eru 60 ár frá því að Ísland og þýska sambandslýðveldið tóku upp stjórnmálasamband. Það samband hefur verið farsælt. Er ekki hugsanlegt að Íslendingar geti eitthvað lært af Þjóðverjum hvað varðar efnahagsstjórn og verkmenningu? Að ekki sé nú talað um tónlist.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Í þágu nýtingar og þröngra ráðagerða

Rammaáætlun



**Svandís Svavarsdóttir**
umhverfisráðherra

Ritstjóri Fréttablaðsins fagnar tillögu sjálfstæðismanna til breytinga á lögum um rammaáætlun. Leggst hann þar á árar með þeim sem fullyrða að vegna þrýstings frá Vinstri grænum hafi verið vikið í „veigamiklum atriðum“ frá þeirri forgangsröðun sem verkefnisstjórn lagði til. Það er ljóst af leiðara ritstjórans að honum er ekki ferlið kunnugt né heldur tekur hann afstöðu til veigamikilla breytinga sem lagðar eru til í frumvarpi sjálfstæðismanna.

Sjálfstæðismenn samþykktu verklag rammaáætlunar án andstöðu á síðasta ári. Undanfarið hefur flokkurinn hins vegar leitast við að þyrla upp moldviðri, kynda undir tortryggni og haft uppi hótanir um að öllu ferlinu verði varpað fyrir róða komist flokkurinn til valda.

Breytingarnar sem við ráðherrarnir gerðum voru faglegar, byggðar á lögformlegu umsagnarferli og eru kirfilega rökstuddar í þingsályktunartillögunni. Þær snúast um upplýsingaöflun og nánari skoðun í ljósi gagna og alvarlegra athugasemda. Hinn svokallaði „sáttafarvegur“ Sjálfstæðisflokksins snýst um að hverfa frá þessu verklagi.

> Náttúruverndarsjónarmið virðast ekki eiga sér málsvara meðal kjörinna fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Í fyrsta lagi leggur Sjálfstæðisflokkurinn til að fellt sé brott ákvæði um að þau svæði sem njóti verndar falli utan rammaáætlunarinnar. Það þýðir að sjálfstæðismenn vilja að landsvæði sem núna njóta friðlýsingar, friðlýst svæði og svæði innan þjóðgarða, komi öll til álita sem virkjunarsvæði!

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ákafar megi ganga á svæði í biðflokki í rannsóknarskyni og enn fremur að víðtækar rannsóknir megi stunda á svæðum sem ekki hafa verið tekin til faglegrar umfjöllunar innan rammaáætlunar – en slík svæði falla samkvæmt gildandi lögum undir sömu reglur og biðflokkur.

Loks gerir flokkurinn tillögu um að verkefnisstjórn rammaáætlunar skili endanlegri flokkun virkjanakostanna, bæði án mikilvægrar aðkomu almennings í opnu umsagnarferli og án þess að ráðherra taki ábyrgð á jafn afdrifaríku máli og rammaáætlun er í reynd. Sú ábyrgð hvílir að sjálfsögðu á lýðræðislegu umboði og faglegum grunni.

Allar breytingarnar í frumvarpi sjálfstæðismanna eru lagðar á vogarskálar nýtingar á kostnað náttúruverndar og á vogarskálar þröngra ráðagerða á kostnað gagnsæis og samráðs við almenning. Það veldur vonbrigðum að ritstjóri Fréttablaðsins, sem oft hefur sýnt á sér betri hliðar, leggist á þá sveif.

Náttúruverndarsjónarmið virðast ekki eiga sér málsvara meðal kjörinna fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Þingflokkurinn er herskár og afturhaldssinnaður í málaflokknum. Samkvæmt minni reynslu endurspeglar þetta alls ekki kjósendur flokksins. Leiðarahöfundur skipar sér í þrönga sveit með félögum sínum á þingi þegar nær væri að kynna fyrir lesendum vönduð og lýðræðisleg vinnubrögð um rammaáætlun.

**AF NETINU**

### Hvað er verið að selja?

Ekki hefur verið upplýst hverjir verði væntanlega stærstu hluthafar bankanna, þó talið sé að stórir vogunarsjóðir séu í þeim hópi. Enginn veit hvað þeir hafa hugsað sér um framtíð bankanna sem þeir munu formlega eignast að loknum nauðasamningum á næsta ári. Samt er ætlunin að selja eignarhlut ríkisins.
Setjum okkur í spor þeirra sem ætla að kaupa. Vilja þeir ekki fá svör við þessum spurningum? Vilja þeir ekki að minnsta kosti fá að vita hvað þeir eru í rauninni að kaupa? Mun það því ekki hafa áhrif á söluverðmæti bréfanna?

http://www.ekg.is/

**Einar K. Guðfinnsson**

# Af Evru-horni BB. Taka tvö

Gjaldmiðlar



**Þröstur Ólafsson**
hagfræðingur

Óskin er faðir hugsunarinnar. Mér datt þess forni vísdómur í hug þegar ég las viðbrögð Björns Bjarnasonar (Fréttablaðið 1. okt. sl.) við stuttri athugasemd sem áður hafði birst í sama blaði. BB segir þar að þótt evran hafi vissulega haldið gildi sínu, hafi hún engu að síður fallið á prófinu. Hann færir engin rök fyrir þessu prófdómaramati sínu önnur en tíðar fundasetur evrulandaráðherra í Brussel. Þá getur hann þess, að nú eigi að bæta galla Maastricht-sáttmálans, sem hann réttilega segir að illa hafi verið staðið að á sínum tíma, með ríkisfjármálasamningi. Þetta á að sanna að evran hafi falllið á prófinu. Þetta er í besta falli vandræðaleg málsvörn fyrir slæmum málstað.

Vandi Evrópu er þrískiptur; skuldavandi, bankakreppa og hagsveifluvandi. Gengi og staða evrunnar er óhaggað þrátt fyrir þessa utanaðkomandi erfiðleika. Frá árinu 2002, þegar evran var sett á flot, hefur saga hennar verið sigurganga. Hún hefur fært saman sundurleita markaði og fólk á landsvæðum með landamærum þar sem skipta þurfti í viðkomandi þjóðargjaldmynt. Viðskipti hafa stóraukist á sameiginlega markaðinum. Jafnframt hafa utanríkisviðskipti bæði orðið ódýrari, auðveldari og ábatasamari vegna sameiginlegs, stöðugs alþjóðlegs gjaldmiðils. Þá hefur afkoma almennings farið batnandi, þótt hagvöxtur hafi ekki alls staðar verið til fyrirmyndar. Stöðugleiki verðlags og lágir vextir í kjölfar evrunnar hafa leitt af sér betri og stöðugri samfélög.

> Evran knýr stjórnmálamenn í Evrópu til að haga sér öðruvísi. Þeir verða að tileinka sér ráðdeild…

Sá tími þegar öll Suður-Evrópulöndin voru í eins konar kapphlaupi um að fella gengi gjaldmiðla sinna til að ná tímabundnu samkeppnisforskoti á nágranna sína er liðinn. Hagspeki þeirra var sömu ættar og okkar, að velta mistökum hagstjórnarinnar yfir á almenning. Það er vegna þessa mikla árangurs evrunnar, sem löndin hafa tekið þátt í um tíu ára skeið, sem er ástæða þess að enginn vill fara út úr evrusamstarfinu, ekki grunnhyggin glefsa Björns í bitnu gjafahöndina.

Gengi gjaldmiðils er afleiðing af stöðu ríkisfjármála, hagstjórnar og markaðsspámennsku. Þótt skuldavandi nokkurra evrulanda sé skelfilegur, og alltof margir bankar á svæðinu þurfi á aðstoð að halda, er ekki gjaldmiðlinum um að kenna. Skuldir Bandaríkjanna eru hærri en evrulandanna. Þeir eiga eftir að bíta úr nálinni með þær. Það er heldur ekki dollaranum um að kenna, heldur þessu vestræna skuldasukki sem þjóðþingin hafa lagt blessun yfir um langan aldur. Evran knýr stjórnmálamenn í Evrópu til að haga sér öðruvísi. Þeir verða að tileinka sér ráðdeild og aðhald í ríkisrekstri. Munum: Aðeins skuldlítil þjóð er sjálfstæð.

Ef BB vill láta taka sig alvarlega, út fyrir Nei-hirðir Ásmundar Daðasonar og Jóns Bjarnasonar, þá verður hann að gera betur.




# FYRIR ELDRI BORGARA

## Glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir í fallegu umhverfi

Í Boðaþingi 24 Kópavogi eru til leigu tvær þriggja herbergja glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir í fimm hæða húsi með lyftu. Um er að ræða fyrri áfanga af tveimur, en alls verða íbúðirnar í húsinu 95. Handan götunnar er hjúkrunarheimilið Hrafnista og þjónustumiðstöðin Boðinn, þar sem boðið er uppá fjölbreytta og vandaða þjónustu. Þangað er innangengt um upphitaðann tengigang.



*Reynir Björnsson og Dóra Magnúsdóttir eru ánægð í Boðaþinginu.*

## Góðir kostir

- Rúmgóðar, vandaðar og bjartar íbúðir
- Stórar flísalagðar og yfirbyggðar svalir
- Innangengt í þjónustumiðstöðina Boðann
- Aðgangur að þjónustu hjúkrunarfræðinga
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn
- Sjúkraþjálfun og tækjasalur
- Dagvistun
- Matsalur
- Sundlaug og heitir pottar
- Hárgreiðslustofa
- Fótaaðgerðarstofa
- Fjölbreytt félagslíf
- Púttvöllur
- Fjölbreyttar gönguleiðir
- Góð bílastæði

## Boðaþing 22

Að Boðaþingi 22 er hafin úthlutun á tveggja og þriggja herbergja íbúðum. Þar er unnið að lokafrágangi íbúðanna og verklok eru áætluð í apríl 2013.

## HAGSTÆTT VERÐ

### Þjónustuíbúðir við Hrafnistu í Hafnarfirði

**Lausar eru þrjár glæsilegar og rúmgóðar þriggja herbergja íbúðir með góðu útsýni við Hrafnistu í Hafnarfirði.**

## Sýndar alla virka daga

Lausar íbúðir eru sýndar áhugasömum alla virka daga. Allar nánari upplýsingar fást í síma 585 9301 og 585 9302 á skrifstofutíma eða sendið tölvupóst til jona.karlsdottir@hrafnista.is. Sjá nánar á heimasíðunni hrafnista.is.

www.hrafnista.is

Sjómannadagsráð í Reykjavík og Hafnarfirði

das HRAFNISTA Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur


Áttatíu og fimm
heppnir fá
eldsneytislítrann
á 85 kr.
Olís
8
Grill 66
Ostborgari
85 kr.
Pylsa
85 kr.
Coke 0,5 l
85 kr.




# KOMDU Í AFMÆLI!

Olís var stofnað 3. október 1927 og hefur því þjónað Íslendingum með stolti í 85 ár. Í tilefni dagsins bjóðum við ýmsar veitingar og vörutegundir á aðeins 85 krónur í dag.*

**85 heppnir viðskiptavinir um allt land geta auk þess átt von á að lenda á lukkudælu og fá eldsneytislítrann á 85 krónur.**

Það verður kaffi og með því í boði fyrir viðskiptavini á öllum þjónustustöðvum Olís í dag. Komdu í afmæli!

Fylgstu með Facebook-síðu Olís í dag. Þar munum við setja inn myndir af heppnum viðskiptavinum sem lenda á lukkudælu og fá veglegan afmælisglaðning.

olís

85 ára

*Ostborgaratilboðið gildir aðeins á Grill 66 á völdum Olís-stöðvum.

# Vilt þú að krefjast megi þjóðaratkvæðagreiðslu?

Ný stjórnarskrá

Þorkell Helgason
sat í stjórnlagaráði



Þetta er innihaldið í spurningu sem lögð verður fyrir þjóðina 20. október nk. Orðrétt hljóðar hún svo: *„Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningarbærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu?“*

Þjóðaratkvæðagreiðslur hafa ekki verið algengar á Íslandi, enda þótt forsetinn hafi frá lýðveldisstofnun haft vald til að fela þjóðinni að staðfesta eða fella lög frá Alþingi. Núverandi forseti varð fyrstur til að nýta þetta ákvæði eins og kunnugt er. Á hinn bóginn hefur lengi verið um það rætt að kjósendur sjálfir ættu að geta kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Jafnframt hefur komið til álita að minnihluti þings gæti gripið til þessa úrræðis.

Alþingi fól stjórnlagaráði sérstaklega að gera tillögu í þeim efnum. Allir þrír möguleikarnir voru ræddir, þ.e.a.s. að frumkvæði að þjóðaratkvæði gæti komið frá forseta Íslands, frá skilgreindum minnihluta Alþingis eða beint frá kjósendum sjálfum. Niðurstaðan varð sú að horfa einkum til síðasta möguleikans, frumkvæðis þjóðarinnar sjálfrar, en halda þó málsskotsrétti forsetans sem algerum neyðarhemli.

Í 65. gr. frumvarps ráðsins er lagt til að 10% kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga frá Alþingi jafnframt því sem málskotsrétti forsetans er haldið (60. gr.). En þjóðaratkvæðagreiðsla er vandmeðfarið úrræði sem ekki má leggja við hégóma. Í 67. gr. frumvarps síns leggur stjórnlagaráð til að kjósendur geti ekki krafist atkvæðagreiðslu um viss fjárhags- og þjóðréttarmál. Jafnframt er mælt fyrir um setningu laga um alla málsmeðferð svo sem um vandvirkni og formfestu við undirskriftasafnanir.

Í stjórnlagaráði var rætt um hvort hafa ætti skilyrði um þátttöku til að þjóðaratkvæðagreiðsla teldist gild. Gallinn við slík ákvæði er sá að þá getur það verið beittara vopn að sitja heima en að mæta á kjörstað og taka afstöðu. Markmiðið um að fá fram berorða skoðun þjóðarinnar næðist þá ekki. Af þessum sökum hvarf stjórnlagaráð frá þátttökuskilyrðum enda eru engin slík ákvæði í gildandi stjórnarskrá. Benda má á lýðræðislegri leið. Hún gæti falist í því að þingmenn teldust taka ákvörðun fyrir þann hluta þjóðarinnar sem tekur ekki þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

**Rök fyrir JÁ við spurningunni**

Spurningin í þjóðaratkvæðagreiðslunni er almennt orðuð; hún snýst um markmiðið sjálft, ekki um útfærslu stjórnlagaráðs. Henni má hnika til, ef þarf.

Rökin fyrir því að svara með jáyrði eru m.a. þessi:

- Allt vald í lýðræðisríkjum er komið frá fólkinu sjálfu. Það felur að jafnaði kjörnum fulltrúum að fara með vald sitt eftir umboði. En að sama skapi á þjóðin að geta kallað valdið aftur til sín, m.a. með því að vefengja lagasetningu fulltrúaþingsins.
- Eindregin krafa kom fram á Þjóðfundinum 2010 um aukna aðkomu þjóðarinnar að ákvörðunum í mikilvægum málum.
- Þróunin nær hvarvetna í kringum okkur er í áttina að hæfilegu blandi af fulltrúalýðræði og beinu lýðræði. Við höfum verið eftirbátar annarra.
- Vilji þjóðarinnar til að geta úrskurðað í mikilvægum málum kom fram í góðri þátttöku í báðum þjóðaratkvæðagreiðslunum um Icesave-málið.
- Beint lýðræði kallar á ábyrgð fólksins og vekur þannig áhuga þess á lýðræðinu. Ekki veitir af þegar traust á stjórnvöldum öllum er í lágmarki.

**Rök fyrir NEI við spurningunni**

Vissulega eru líka rök fyrir því að stíga varlega til jarðar í beinu lýðræði:

- Sumir vitna til Kaliforníu þar sem atbeini kjósenda er sagður hafa stefnt ríkisfjármálunum í óefni (sem er reyndar þjóðsaga). Við þessu má sjá með því að leyfa ekki atkvæðagreiðslu um fjárhagsleg málefni og nokkur önnur viðkvæm mál. Þessi varnagli er í tillögum stjórnlagaráðs um frumkvæði almennings eins og fyrr segir.
- Sagt er að auðvelt sé að æsa 10% þjóðarinnar upp gegn óvinsælli en óhjákvæmilegri lagasetningu þingsins. Spurningin sem lögð verður fyrir þjóðina í haust snýst ekki um þetta hlutfall. Þyki mönnum það of lágt er hægur vandi að hækka það í meðförum þingsins.
- Sumir telja unnt að fá undirskriftir undir hvað sem er á Íslandi. Ekki er víst að þessi fullyrðing sé rétt. Alla vega hefur sumum reynst örðugt að safna meðmælendum í kosningum, t.d. við forsetakjör. Stjórnlagaráð velti vöngum yfir þessu atriði og leggur til að sett verði ströng ákvæði um undirskriftasafnanir.

> Allir valdhafar, líka þingmenn, starfa í umboði þjóðarinnar. Þegar hún telur þörf á kallar hún valdið til baka. Þannig á fulltrúaræðið og beina lýðræðið að geta styrkt hvort annað.

**Ályktun**

Allir valdhafar, líka þingmenn, starfa í umboði þjóðarinnar. Þegar hún telur þörf á kallar hún valdið til baka. Þannig eiga fulltrúaræðið og beina lýðræðið að geta styrkt hvort annað.

Pistilhöfundur mælir því með jáyrði við spurningunni um það hvort kjósendur geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu.

HVAÐ VITUM VIÐ NÚ?
UNGT FÓLK
1992 – 2012
Æskulýðsrannsóknir í 20 ár

**Rannsóknir og greining stendur fyrir ráðstefnu í Háskólanum í Reykjavík fimmtudaginn 4. október kl. 8:45 – 15:30 í stofu V101.**

Fjallað verður um mikilvægi rannsókna á högum og líðan barna og ungmenna, samspil rannsókna, stefnumótunar og þróunarstarfs og mikilvægi þess að tryggja að niðurstöður komist til fagfólks á vettvangi, almennings og stjórnvalda.

Á ráðstefnunni fjallar hópur alþjóðlegra vísindamanna um hagnýtt og vísindalegt gildi æskulýðsrannsóknanna Ungt fólk 1992 til 2012 á Íslandi og skrif sín úr þeim gögnum hjá Rannsóknum og greiningu.

Ráðstefnan er öllum opin meðan húsrúm leyfir. Skráning er með tölvupósti á netfangið **rannsoknir@rannsoknir.is**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Háskólinn í Reykjavík – Reykjavik University
Rannsóknir & greining ehf

# Súðavík er í brunarúst

Samfélagsmál

Bergvin Oddsson
stjórnarmaður í Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar



Umfjöllun um hinn stóra sinubruna sem átti sér stað í lok sumars á Laugarlandi í landi Súðavíkurhrepps hefur ekki farið fram hjá neinum. Nú er reikningurinn kominn og hljóðar upp á 20 milljónir króna. Sveitarfélagið gerði ráð fyrir að kostnaður við að reka slökkviliðið væri ein milljón króna fyrir árið 2012. Kostnaður vegna þessa bruna er því tuttugu sinnum hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Tuttugu milljónir virka ekki sem há fjárhæð en fyrir lítið sveitarfélag sem telur innan við 200 íbúa er það stór biti til að kyngja þegar haft er til hliðsjónar að skatttekjur sveitarfélagsins árið 2011 voru innan við 80 milljónir króna. Við erum að tala um fjórðung tekna sveitarfélagsins á ársgrundvelli.

Á vegum ríkisins er enginn sjóður til sem tekur á svona slysum. Hvorki Bjargráðasjóður né Viðlagatrygging Íslands greiða bætur vegna svona hamfara. Nú þarf hver íbúi Súðavíkurhrepps að taka á sig meira en hundrað þúsund króna tjón vegna fífldirfsku nokkurra einstaklinga sem höfðu það gaman í Laugarlandi fyrr í sumar.

Reykjavíkurborg veltir um 54 milljörðum króna á hverju ári. Fjórðungur þess er um 11 milljarðar króna. Ímyndið ykkur ef tjón af slíkri stærðargráðu kæmi til og reikningurinn ætti allur að lenda á Reykjavíkurborg! Ég myndi ætla að borgarbúar myndu ekki sætta sig við slíkt. Það væri fróðlegt að vita hvort stjórnvöld myndu ekki þá stökkva upp og finna leiðir til þess að aðstoða Reykjavíkurborg. Það er ekki hægt fyrir stjórnvöld að loka augunum fyrir vandamáli Súðavíkurhrepps og gera ekkert í málinu. Ekkert sveitarfélag getur staðið undir svona miklum útgjöldum og samt haldið úti lögbundinni þjónustu. Ég skora á ríkisstjórnina að finna lausn á þessu máli og að komið verði á fót sjóði sem muni hjálpa sveitarfélögum með sams konar óvænt útgjöld. Einnig væri hægt að breyta lögum um Bjargráðasjóð eða Viðlagatryggingu Íslands.

Sony Center

www.sonycenter.is



Afmæli

5 ára ábyrgð
að verðmæti 12.000.- fylgir með í kaupunum




40" LED SJÓNVARP KDL40EX653
• 100 Hz X-Reality myndvinnsla
• Dynamic EDGE LED baklýsing
Tilboð 169.990.-

46" LED SJÓNVARP KDL46HX753
• 400 Hz X-Reality myndvinnsla
• Dynamic EDGE LED baklýsing
Tilboð 289.990.-

Sony Center I Verslun Nýherja Borgartúni I 569 7700   Sony Center I Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri I 569 7645




ENNEMM / SÍA / NM51624

**Þú finnur kraftinn**
þegar Ljósnetið er
komið

Með Ljósnetstengingu opnast margvíslegir möguleikar. Meiri hraði, meiri flutningsgeta, allt að fimm háskerpumyndlyklar og öll nettengd tæki fjölskyldunnar í öruggu sambandi. Notaðu kraftinn í Ljósnetinu eins og þér finnst skemmtilegast!

Kynntu þér áskriftarleiðirnar á **siminn.is** eða í **800 7000**.

Vinsælasta leiðin

| Ljósnet 1 (50Mb • 10GB) | Ljósnet 2 (50Mb • 40GB) | Ljósnet 3 (50Mb • 80GB) | Ljósnet 4 (50Mb • 140GB) |
|---|---|---|---|
| 10GB | 40GB | 80GB | 140GB |
| Mánaðarverð **4.690 kr.** | Mánaðarverð **5.690 kr.** | Mánaðarverð **6.790 kr.** | Mánaðarverð **8.090 kr.** |

Ljósnetið er allt að 50 Mb/s

Síminn

# tímamót

timamot@frettabladid.is



31 **ZLATAN IBRAHIMOVIC,** sænskur landsliðsmaður í knattspyrnu og leikmaður Paris Saint-Germain, er 31 árs í dag.

*„Meiddur Zlatan eru vondar fréttir fyrir öll lið.“*

## Merkisatburðir

1542 Gissur Einarsson vígður biskup í Skálholti og er hann fyrsti íslenski biskupinn í lúterskum sið.

1884 Kristjánsborgarhöll númer tvö brennur.

1903 Danakonungur samþykkir ákvörðun danska þingsins um heimastjórn á Íslandi.

1932 Írak fær sjálfstæði frá Bretlandi.

1975 Þyrla Landhelgisgæslunnar hrapar í Skálafelli.

1990 Endursameining Þýskalands: Þýska alþýðulýðveldið er lagt niður og sameinað Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Dagurinn er þjóðhátíðardagur Þjóðverja.

1994 O.J. Simpson sýknaður af ákærum um morðin á eiginkonu sinni Nicole Brown Simpson og Ronald Goldman.

---

✝



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**ÁSLAUG ÁSMUNDSDÓTTIR**
**áður til heimilis að**
**Álfalandi 4, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 1. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ásmundur Stefánsson**
**Guðrún Guðmundsdóttir**
**Þór Stefánsson**
**Hulda Ólafsdóttir**
**Ása Stefánsdóttir**
**Jens Kvist Christensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞURÍÐUR JÓNSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Aratúni 2, Garðabæ,**

lést á blóðmeinadeild Landspítalans við Hringbraut aðfaranótt sunnudags 30. september. Útförin fer fram frá Landakotskirkju föstudaginn 5. október kl. 15.00.

**María Gísladóttir**
**Margrét Gísladóttir**
**Pétur Grétarsson**
**Guðjón Gíslason**
**Gísli Jón Gíslason**
**Kristín Helgadóttir**
**Kristín Gísladóttir**
**Valdimar Grímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Móðurbróðir okkar,

**HAFSTEINN SIGURJÓNSSON**
**matsveinn,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 13. september 2012. Bálför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Hjalti Gunnarsson**
**Ámundi Gunnarsson**
**Sigurjón Gunnarsson**
**Kristbjörg Gunnarsdóttir**
**Ásgeir Gunnarsson**

---

✝



Bróðir minn og frændi okkar,

**RAGNAR ÁGÚSTSSON**
**útgerðarmaður og vélstjóri,**
**Halakoti, Vatnsleysuströnd,**

verður jarðsunginn frá Kálfatjarnarkirkju, Vatnsleysuströnd föstudaginn 5. október 2012 kl. 15.00.

**Magnús Ágústsson**
**Guðfinna Guðmundsdóttir**
**Kjartan Egilsson**
**Ragnar Már Kjartansson**
**Hlynur Örn Kjartansson**
**Tara Pétursdóttir**
**Natalía Marín Hlynsdóttir**
**Pétur Ragnar Hlynsson**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT STEINGRÍMSDÓTTIR**
**Brúnavegi 9 – Hrafnistu, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 26. september. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 4. október kl. 13.00.

**Árni Gunnarsson**
**Sjöfn Óskarsdóttir**
**Vilborg Gunnarsdóttir**
**Gunnar Aðalsteinsson**
**Guðrún Erla Gunnarsdóttir**
**Þorgrímur Páll Þorgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**BERST FYRIR MÁLLEYSINGJANA** Árni Stefán Árnason, dýraréttarlögfræðingur og sendiherra Íslands á alþjóðlega degi dýranna, hvetur alla til að hugsa til dýranna á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ALÞJÓÐLEGI DAGUR DÝRANNA: HÁTÍÐARSTUND Á MORGUN

# Berjast fyrir bættri velferð og meðferð á húsdýrum

„Þetta eru málefni sem allir eiga að láta sig varða,“ segir Árni Stefán Árnason, dýraréttarlögfræðingur og svokallaður sendiherra Íslands á alþjóðlega degi dýranna sem verður haldinn hátíðlegur á morgun.

Þetta er í fyrsta sinn sem alþjóðlega degi dýranna er fagnað hér á landi. 4. október er hátíðardagur verndardýrlings dýranna, heilags Frans frá Assisi, en dagurinn var í fyrsta sinn skilgreindur á ráðstefnu vistfræðinga í Flórens á Ítalíu árið 1931.

Upphaflegt markmið dagsins var að vekja athygli á dýrategundum í útrýmingarhættu en Árni segir að í dag snúist dagurinn meira um að berjast fyrir bættri velferð og meðferð dýranna.

„Þetta er í fyrsta sinn sem þessi dagur er haldinn hátíðlegur hér á landi undir þessum formerkjum. Dagurinn á ekki síst að beina sjónum að því hvernig við förum með dýr í dag og hvernig við getum bætt búfjárhald,“ segir Árni og á þá við til dæmis í matvæla- og fataframleiðslu.

Árni vill vekja athygli Alþingis á hvernig dýravelferð er háttað hér á landi en hann fullyrðir að mörgu sé ábótavant í þeim efnum. Hann gagnrýnir þá helst verksmiðjubúskapinn og tekur sem dæmi eggjaframleiðslu þar sem hænur eru lokaðar inni margar saman í litlum rýmum til að verpa.

„Evrópusambandið hefur til dæmis nýlega bannað þessa meðferð á hænum í eggjaframleiðslu en hér á landi breytist þetta ekki. Nýlegar rannsóknir sýna að dýrin standa miklu nær okkur í erfðafræðilegum skilningi en talið hefur verið. Það þýðir að dýr eru fullfær um að upplifa vellíðan og þjáningu eins og við.“

Í tilefni af degi dýranna verður hátíðardagskrá í Fríkirkjunni í Hafnarfirði og hefst hún klukkan 20. Árni hvetur sem flesta til að mæta enda verður þetta létt og stutt kynning á alþjóðlega degi dýranna sem og tónlistaratriði og upplestur.

Árni segir morgundaginn setja nýjan tón fyrir dýravernd á Íslandi en nánari upplýsingar má finn á vefsíðunni Dagurdyranna.is eða á World-animalday.co.uk. alfrun@frettabladid.is

## DAGSKRÁ Í FRÍKIRKJUNNI Í HAFNARFIRÐI

**Inngangsorð:** Árni Stefán Árnason, sendiherra alþjóðlega dags dýranna á Íslandi
**Tónlist:** Unnur Birna Björnsdóttir fiðluleikari
**Ljóðalestur:** Birgitta Jónsdóttir alþingismaður les
**Tónlist:** Ragnheiður Gröndal söngkona
**Kattasamsærið:** Guðmundur Brynjólfsson les úr samnefndri bók sinni
**Tónlist:** Bræðrabandið
**Erindi um verndardýrling dýranna, heilagan Frans frá Assisi:** Linda Rán Ómarsdóttir djáknakandídat
**Tónlist:** Anna Sigríður Helgadóttir söngkona
**Ljóðalestur:** Kristján Hreinsson ljóðskáld les úr ljóðum sínum
**Tónlist:** Margrét Eir Hjartardóttir söngkona
**Dýrasaga:** Ragnheiður Elín Clausen les
**Bænastund:** Bryndís Valbjarnardóttir prestur flytur bæn fyrir dýrin

---

✝



Elskuð eiginkona, móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**SIGURBJÖRG ÁRMANNSDÓTTIR**

lést þann 25. september síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Hjartans þakkir til starfsfólks göngudeildar Parkinson á Fossvogssjúkrahúsi, heimahjúkrunar og starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sóltúni deild 3 d.
Guð blessi ykkur öll og ómetanleg störf ykkar.

**Þórarinn Hrólfsson**
**Tryggvi Þórarinsson**
**Ingibjörg Ingólfsdóttir**
**Hrólfur Þórarinsson**
**Katrín Guðmunda Einarsdóttir**
**Sigþór Þórarinsson**
**Matthildur Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 3. OKTÓBER 1996

# Djöflaeyjan frumsýnd

Kvikmyndin Djöflaeyjan í leikstjórn Friðriks Þór Friðrikssonar var frumsýnd. Myndin var gerð eftir bókum Einars Kárasonar, Þar sem djöflaeyjan rís og Gulleyjunni. Fyrir frumsýningu myndarinnar var brotist inn í húsakynni Íslensku kvikmyndasamsteypunnar og óttast var að frumsýningu myndarinnar yrði frestað í kjölfarið en svo var ekki. Leikarar voru meðal annars Baltasar Kormákur og Ingvar E. Sigurðsson.



# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**ÓDÝRARI BISNESS-MATUR**
**Máltíðir bisness-manna í New York hafa breyst mikið frá hruni. Engu að síður eru hádegisverðir þeirra einn mesti drifkrafturinn í rekstri fínna veitingahúsa í borginni.**


**Vandaðir þýskir herraskór úr leðri í úrvali**



**Til dæmis:** Teg: 305302/241 - Litur: svart - Stærðir: 40 - 47
**Verð: 15.885.-**

Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.

Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

**TÆKIFÆRISGJAFIR**
- mikið af frábærum tilboðum



iittala
10% afsláttur

www.tk.is
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



**TILBOÐ-TILBOÐ-TILBOÐ**
**AÐHALDSSAMFELLUR**
**Verð nú 9.900 kr.**
skálastærðir: B-C-D-DD-E-F
litir: svart og húðlitur.
Selena
Suðurlandsbraut 50 • Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >



RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara


# HELLAÁSTRÍÐA Á HÁU STIGI

**Í IÐRUM JARÐAR** *Guðni Gunnarsson er formaður Hellarannsóknafélags Íslands. Ungur að árum heillaðist hann af spennunni sem fylgdi því að kanna hraunhella og þeirri töfrandi veröld sem er að finna djúpt í iðrum jarðar.*

Áhugi Guðna á hellum kviknaði um níu ára aldur í Vestmannaeyjum. Þar leitaði hann eftir hellum og sprungum til að skríða ofan í og fljótlega breyttist áhuginn yfir í ástríðu.

„Í fyrstu var það spennan sem dró mig áfram. Það var heillandi að fara ofan í jörðina og sjá aðra veröld sem var ný og öðruvísi. Þegar ég var ellefu ára fékk ég bókina Hraunhellar á Íslandi eftir Björn Hróarsson sem breytti mjög miklu. Ég las bókina, skoðaði myndirnar og varð alveg heltekinn. Síðan þá hefur áhuginn verið til staðar og aldrei dvínað, hann hefur þróast frá spennunni yfir í fræðilega þekkingu og áhuga á könnun og verndun hella. Í dag er ég svo að læra jarðfræði í HÍ sem er nú partur af þessari bakteríu,“ segir Guðni hlæjandi.

Eitt af mörgum hlutverkum Hellarannsóknafélagsins er að varðveita þá hella sem eru á Íslandi. „Þegar ágangur verður mikill þá skemmast hellar oft, dropsteinar og aðrar hraunmyndanir eiga það til að brotna og hverfa úr hellunum, en þær myndast bara einu sinni og koma ekki aftur. Oft er það óviljandi þar sem fólk er með lélega lýsingu. Svo vill safnast rusl í þá, troðningur verður mikill og þess háttar. En það er mjög mikilvægt að ganga vel um náttúruna.“ Annað hlutverk félagsins er að skrá niður og kortleggja þá hella sem vitað er um og leita nýrra. „Við förum reglulega í ferðir þar sem einn hellir er fullkannaður og í leiðinni er leitað nýrra hella á svæðinu. Við skoðum stundum loftmyndir af svæðinu áður en við förum og vitum því nákvæmlega hvar við ætlum að leita.“

